

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipun aðalpóstleiða um vesturamtíð. — Í þóknanlegu brjefi dagsettu 10. janúar þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í vesturamtinu um það, hvar hentugast sje að aðalpóstleiðir liggi um sýslurnar í vesturamtinu, og skal hjer með ákveðið samkvæmt lögum um vegi 10. nóvember 1887. 6. gr., að aðalpóstvegir skuli fyrst um sinn liggja um vesturamtíð sem hjer segir.

A. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Ísafjarðar.

1, um Mýrasýslu:

Frá Langholtsvaði á Hvítá—meðan hún er óbrúuð, — hjá Neðranesi, yfir Þverá, vestur hjá Hamrendum að Arnarholti. Frá Arnarholti yfir Norðurá á Hábrekkuvaði, upp Stafholtstungur hjá Laxfossi, gegnum Laxfosshraun, upp Norðurárdal að Hvassafelli; þaðan vestur Bjarnadal og Bröttubrekku.

2, um Dalasýslu:

Frá Bröttubrekku niður Sökkólfsdal og Miðdali, vestur hjá Harrastöðum, yfir Haukadalsá; þaðan vestur hjá Lækjarskógi og Þorbergsstöðum yfir Sauraleiti að Hjarðarholti. Frá Hjarðarholti yfir Fáskrúð og Glerá að Magnússkógum; þaðan fyrir ofan Ásgarð eptir Leysingastaðamelum, yfir Svínadal, ofan Hvolsdal, hjá Hvoli, ofan að Gilsfirði, utan til við Moldhóla, þá inn með Gilsfirði að sýslumótum Barðastandarsýslu.

3, um Barðarstrandarsýslu:

Frá sýslumótum Dalasýslu við Gilsfjarðarbotu með fram Gilsfirði, yfir Múlahlíð og Geirdalshrepp að Bæ í Króksfirði. Frá Bæ vestur yfir Reykhólahrepp fram hjá Hríshóli yfir Skógaháls, meðfram Þorskafirði að Kollabúðum og þaðan vestur Þorskafjarðarheiði að sýslumótum Ísafjarðarsýslu.

4, um Ísafjarðarsýslu:

Frá sýslumótum Barðastrandarsýslu á Þorskafjarðarheiði niður í Langadal og síðan niður Langadal hjá Kirkjubóli að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.

B. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Akureyrar.

1, um Mýrasýslu:

Sömu leið og aðalpóstvegurinn til Ísafjarðar upp á móts við Hvassafell í Norðurárdal; þaðan upp Norðurárdal hjá Dýrastöðum, Hvammi og Sveinatungu að Fornahvammi; þaðan norður Holtavörðuheiði að sýslumótum Strandasýslu.

2, um Strandasýslu:

Frá sýslumótum Mýrasýslu á Holtavörðuheiði (Hæðarsteini) yfir heidina; niður hjá Grænumýrartungu og Melum í Hrutafirði og að Hrutafjarðará þar sem farið er yfir hana fyrir utan Mela á leið að Stað í Hrutafirði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipun aðalpóstleiða um suðuramtíð. — Eptir að mjer hafa borizt þar að lútandi tillögur hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í suðuramtinu með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 11. jan. þ. á., skal hjer með ákveðið,